



Sigurlaug G.I. Gísladóttir er oddviti Frjálslynda Lýðræðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Sigurlaug er fædd 1963 að Laugarbóli í Skagafirði og ólst upp í Litladal í Skagafirði. Silla eins og hún er oftast kölluð fór til náms austur á Hérað á Hússtjórnarskólann á Hallormstað og þar hitti hún eiginmann sinn Reynir Sigurð Gunnlaugsson og hófu þau búskap á jörðinni Hlíð í Hróarstungu. Sigurlaug og Reynir Sigurður eiga fjögur börn, þau: Gunnhildi, Gunnlaug, Daníel og Sigurð Þorra, þá hafa þrjú barnabörn bæst í hópinn. Þau hjónin búa nú á Blönduós ásamt sonum þeirra en dóttirin býr á Sauðárkrók. Sigurlaug og Reynir Sigurður eiga og reka lítið kaffihús, Húnabúð sem einnig selur blóm og gjafavörur við bakka Blöndu og þar eru allir velkomnir.

Sími: 551-0588

Netfang: [hunabudin@gmail.com](mailto:hunabudin@gmail.com)